



Rekstrarhagfræði 2 – HAG2B05

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Reynir Már Ásgeirsson

Netfang/netföng:

reynir.asgeirsson@borgo.is

Lýsing:

Farið verður yfir ýmis hugtök og meginviðfangsefni rekstrarhagfræðinnar. Áhersla er lögð á að auka skilning nemenda á ólíkum markaðsformum, svo sem einokun og samkeppni í rekstri fyrirtækja; og þýðingu þess fyrir neytendur, fyrirtæki og samfélagið í heild. Notuð verða hagnýt dæmi og verkefni til að kynna nemendum vinnubrögð við rekstur fyrirtækja í mismunandi markaðsumhverfi. Fjallað verður um kennitölur í rekstri fyrirtækja. Núvirðisreikningar við fjárfestingar verða skoðaðir ásamt áhættu og óvissu við mat á ólíkum fjárfestingarkostum.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- starfsumhverfi fyrirtækja (samkeppni, einokun o.s.frv.).
- stefnumótun með tilliti til samkeppnisumhverfis.
- grunneinkennum markaða.
- kennitölum úr rekstri fyrirtækja.
- helstu aðferðum og hugtökum við mat á arðsemi fjárfestinga.
- nytjaföllum og jaðarnytjum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina einkenni markaða.
- finna út það magn framleiðslu sem gefur mestan hagnað með hjálp stærðfræðinnar.
- fást við óvissu í rekstrarumhverfi.
- draga upp nytjaföll.
- reikna út arðsemi fjárfestinga með núvirðisútreikningum.
- reikna kennitölur úr rekstri fyrirtækja.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ná góðum árangri í fyrirtækjarekstri og geta sinnt stefnumótun og áætlanagerð sem metið er með verklegum æfingum, ritsmiðum og skriflegum prófum.
- skilgreina samkeppnisaðstæður og takast á við óvissu í samkeppnisumhverfi; reikna út ákjósanlegt framleiðslumagn með tilliti til hagnaðar; reikna arðsemi fjárfestinga; reikna kennitölur varðandi rekstur; teikna nytjaföll; setja sér góð markmið og annast fleira það sem horfir að fyrirtækjarekstri. Fyrirgreind atriði eru metin með umræðuþátttöku, verkefnum (ritgerðir o.fl.) og hlutaprófum.

Námsmat:

- ❖ Tvö hlutapróf..... 45%
- ❖ Hópverkefni (ritsmíð)..... 30%
- ❖ Kynning..... 10%
- ❖ Vinnubók (einstaklingsverkefni)..... 15%

Nemendur þreyta tvö hlutapróf í áfanganum og telur hvert hlutapróf 22,5% af lokaekinn. Nemendur vinna saman í hópum að gerð ritsmíðar er varðar eitthvert megin viðfangsefni áfangans. Í lok annar kynna nemendur hópverkefni sín fyrir bæði kennara og samnemendum. Nemendur skulu einnig halda til haga vinnubók; þar sem lausnir við smærri verkefnum og ígrundanir, er snerta lykil atriði kennslunnar, eru geymdar. Vinnubókin er mikilvægur hluti af virkni og ástundun nemandans á önninni og telst til kennaraekinnar.

Námöggn:

Rekstrarhagfræði eftir Ágúst Einarsson (útg. 2005 eða nýrri). Útgefandi Mál og menning.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum og taka þátt í hlutaprófum.

Yfirlit yfir lesefni í HAG2B05**Vorönn 2023**

Kafli 6: Nytjar og notagildi	bls. 180 – 208
Kafli 7: Markaðsform og fullkomin samkeppni.....	bls. 209 – 236
Kafli 8: Einkasala	bls. 236 – 256
Kafli 9: Fákeppni og einkasölusamkeppni.....	bls. 256 – 278
Kafli 10: Áhætta og óvissa, leikjafræði.....	bls. 278 – 296
Kafli 14: Fjármál, núvirðisreikningar	bls. 362 – 407

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	6. kafli: Neytendur, verkefni úr kafla 6. (<u>Kynning á áfanga</u>)	
2	9.-13. janúar	6. kafli: Neytendur, verkefni úr kafla 6.	
3	16.-20. janúar	7. kafli: Markaðsform og fullkomin samkeppni, verkefni úr kafla 7.	
4	23.-27. janúar	7. kafli: Markaðsform og fullkomin samkeppni, verkefni úr kafla 7.	
5	30. jan- 3. febrúar	8. kafli: Einkasala, verkefni úr kafla 8.	Hlutapróf 1 (22,5%)
6	6.-10. febrúar	8. kafli: Einkasala, verkefni úr kafla 8.	Skóhlífadagur
7	13.-17. febrúar	9. kafli: Fákeppni og einkasölusamkeppni, verkefni úr kafla 9.	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	9. kafli: Fákeppni og einkasölusamkeppni, verkefni úr kafla 9.	Vorannarhlé
9	28. febrúar- 3. mars	9. kafli: Fákeppni og einkasölusamkeppni, verkefni úr kafla 9.	
10	6.-10. mars	10. kafli: Áhætta- og óvissuaðstæður, verkefni úr kafla 10.	
11	13.-17. mars	10. kafli: Áhætta- og óvissuaðstæður, verkefni úr kafla 10.	
12	20.-24. mars	10. kafli: Áhætta- og óvissuaðstæður, verkefni úr kafla 10.	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	14. kafli: Fjármál og fjárfestingar, verkefni úr 14. kafla.	Hlutapróf 2 (22,5%) Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	14. kafli: Fjármál og fjárfestingar, verkefni úr 14. kafla	
16	17.-21. apríl	14. kafli: Fjármál og fjárfestingar, verkefni úr 14. kafla.	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	14. kafli: Fjármál og fjárfestingar, verkefni úr 14. kafla.	Vinnubók (15%)
18	1.-5. maí	Verkefnavinna	Hópverkefni (30%) Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Verkefnavinna	Kynning (10%)
20	15.-16. maí	Yfirlit og upprifjun	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.